

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Viðskiptabréfareglur

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs:	Viðskiptabréfareglur (60%) ATH. Prófið er tvískipt: Viðskiptabréfareglur (60%) Veðréttur og þinglýsingar (40%)	
Prófdagur:	7. nóvember 2016	Kl.: 16:00 – 20:00
Úrlausnartími:	4 klst.	Prófblöð: 6 (þ.m.t. forsíða)
Leyfileg hjálpargögn:	Lög og reglugerðir	Fylgiblöð:

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfaviðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og lita þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

Viðskiptabréfareglur 60%

A. Rétt eða rangt (8%)

Eftirfarandi fullyrðingar eru annað hvort réttar eða rangar. Lesið eftirfarandi spurningar vandlega. Gefin eru 1 stig fyrir rétt svar. Dregið er frá 1 stig fyrir rangt svar. Ekkert er dregið frá fyrir spurningar sem sleppt er að svara. Aðeins einn möguleiki er réttur í hverri spurningu.

1. Viðskiptabréf er nafnbref ef það tilgreinir ákveðinn kröfuhafa eða eiganda bréfsins.
☐ Rétt
☐ Rangt
2. Hlutabréf er ávallt nafnbref.
☐ Rétt
☐ Rangt
3. Sá sem ritað hefur framsal á víxil ábyrgist greiðslu hans.
☐ Rétt
☐ Rangt
4. Skilríkisreglan felur í sér að þegar skuldari borgar allan höfuðstól skuldabréfs er það skylda þess, sem hefur bréfið í hendi með formlega löglegri heimild og skuldari má líta á sem kröfuhafa að skila skuldara aftur frumriti bréfsins með áritaðri kvittun.
☐ Rétt
☐ Rangt
5. Skilyrði fyrir mótbárutapi skuldara telst uppfyllt þrátt fyrir að maður hafi öðlast rétt yfir viðskiptabréfi með hefð.
☐ Rétt
☐ Rangt
6. Engar mótbáru skuldara komast að gagnvart framsalshafa (kröfuhafa) skuldabréfs sem er rafrænt skráð.
☐ Rétt
☐ Rangt

7. Við framsal vixils til grandlauss framsalshafa glatar þriðji maður réttindum yfir vixlinum sem ekki eru skráð á vixilinn án tillits til þess hvort sterkar eða veikar mótbárur eiga við um framsalið.

☐ Rétt

☐ Rangt

8. Tékká er aðeins hægt að gefa út á hendur banka eða sparisjóði.

☐ Rétt

☐ Rangt

B. Krossasurningar (16%)

Lesið eftirfarandi spurningar vandlega. Tvö stig eru gefin fyrir rétt svar. Tveir þriðju (0,67) af stigi er dregið frá fyrir rangt svar. Ekkert er dregið frá fyrir spurningar sem sleppt er að svara. Aðeins skal velja einn möguleika í hverri spurningu.

1. Hver eftirfarandi fullyrðinga um skuldabréf er rétt:
 - a) ☐ Skuldabréf þarf að vera vottað svo það sé gilt.
 - b) ☐ Skuldabréf er gagnkvæmur samningur skuldara og lánveitanda.
 - c) ☐ Skuldabréf getur falið í sér skyldu skuldara til að afhenda kröfuhafa hvers konar efnisleg verðmæti.
 - d) ☐ Skylda samkvæmt skuldabréf er alltaf einhliða og skilyrðislaus.
2. Hver eftirfarandi fullyrðinga um greiðslur af skuldabréfum er rétt:
 - a) ☐ Þegar greidd er afborgun af höfuðstól skuldabréfs nægir skuldara laus kvittun um greiðsluna til að sýna fram á greiðslu gagnvart grandlausum framsalshafa, án tillits til þess hvort bréfið sé áritað um afborgunina.
 - b) ☐ Þegar greiddur er allur höfuðstóll skuldabréfs nægir skuldara laus kvittun um greiðsluna til að sýna fram á greiðslu gagnvart grandlausum framsalshafa, án tillits til þess hvort bréfið sé áritað um greiðsluna.
 - c) ☐ Þegar greiddir eru vextir af skuldabréfi er nauðsynlegt fyrir skuldara að bréfið sjálft sé áritað um greiðsluna svo unnt sé að sýna fram á greiðsluna gagnvart grandlausum framsalshafa.
 - d) ☐ Þegar greidd er afborgun af höfuðstól skuldabréfs og vextir um leið nægir skuldara laus kvittun um greiðsluna til að sýna fram á greiðslu gagnvart grandlausum framsalshafa, án tillits til þess hvort bréfið sé áritað um afborgunina.

3. Skilríkisreglan felur í sér að:

- a) ☐ Sá sem tekur við fullnaðargreiðslu samkvæmt skuldabréfi ber að skila skuldara aftur frumriti bréfsins með áritaðri kvittun.
- b) ☐ Skuldari losnar undan skuldbindingu sinni ef hann innir greiðslu sína af hendi til hins upphaflega kröfuhafa, enda hvorki viti hann né megi vita að krafan hafi verið framseld öðrum.
- c) ☐ Skuldari losnar undan skuldbindingu sinni greiði hann þeim sem hefur viðskiptabréfið í hendi sér með formlega löglegri heimild enda hvorki viti hann þá né megi vita að annar eigi betri rétt til bréfsins.
- d) ☐ Þegar greidd er afborgun af skuldabréfi hvílir sú skylda á kröfuhafa að hafa frumrit bréfsins við höndina og rita bæði á bréfið sjálft kvittun fyrir afborguninni og gefa skuldara auk þess lausa kvittun fyrir henni.

4. Hver eftirfarandi mótbára skuldara er sterk mótbára:

- a) ☐ Fyrir hendi sé ógildingarástæða samkvæmt 36. gr. laga nr. 7/1936 um samninga umboð og ógilda löggæringa.
- b) ☐ Misneyting.
- c) ☐ Svik.
- d) ☐ Fölsun.

5. Hver eftirfarandi fullyrðinga, um regluna um réttindamissi þriðja manns, er rétt:

- a) ☐ Maður sem eignast hefur réttindi yfir handhafaskuldabréfi, án þess að réttindin hafi verið skráð á skuldabréfið, tapar réttindum sínum við framsal til grandlauss aðila þrátt fyrir að sterk mótbára eigi við um framsalið til viðkomandi framsalshafa.
- b) ☐ Maður sem eignast hefur réttindi yfir handhafaskuldabréfi, án þess að réttindin hafi verið skráð á skuldabréfið, tapar réttindum sínum, við framsal til aðila sem er grandsamur um réttindin hvort sem veik eða sterk mótbára eigi við um framsalið til viðkomandi.
- c) ☐ Maður sem eignast hefur réttindi yfir skuldabréfi sem er nafnbref, án þess að réttindin hafi verið skráð á skuldabréfið, tapar réttindum sínum við framsal til aðila sem er grandsamur um réttindin þrátt fyrir að sterk mótbára eigi við um framsalið til viðkomandi.
- d) ☐ Maður sem eignast hefur réttindi yfir handhafaskuldabréfi, án þess að réttindin hafi verið skráð á skuldabréfið, tapar réttindum sínum, við framsal til aðila sem er grandsamur um réttindin þrátt fyrir að sterk mótbára eigi við um framsalið til viðkomandi.

6. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt um ógildingu viðskiptabréfa á grundvelli XVIII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála:
- a) ☐ Einungis er mögulegt að ógilda viðskiptabréf í tilvikum þar sem sterk mótbára á við um stofnun þess.
 - b) ☐ Ógilding er nauðsynlegt úrræði kröfuhafa glataðs viðskiptabréfs til að fá yfirráð yfir réttindum samkvæmt viðskiptabréfinu því án ógildingardóms getur hann ekki krafist greiðslu.
 - c) ☐ Ógilding er úrræði sem skuldari viðskiptabréfs getur beitt ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju af hálfu kröfuhafa að bera skuldabréfið fyrir sig.
 - d) ☐ Ógildingardómur leiðir til þess að skuldbinding skuldara fellur niður.
7. Hver eftirfarandi fullyrðinga um skráningu réttinda yfir rafrænt eignarskráðum viðskiptabréfum er rétt:
- a) ☐ Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni rétthafa um skráningu þeirra berst reikningsstofnun.
 - b) ☐ Réttaráhrif eignarskráningar teljast vera frá þeirri stundu sem beiðni rétthafa um skráningu þeirra berst reikningsstofnun.
 - c) ☐ Réttaráhrif eignarskráningarinnar teljast vera frá þeirri stundu sem lokafærsla hefur átt sér stað hjá verðbréfamiðstöð.
 - d) ☐ Heimilt er að gefa út viðskiptabréf fyrir skráðum réttindum samkvæmt rafbréfi eða framselja þau.
8. Viðskiptabréf telst framselt með samningi í lifanda lífi ...:
- a) ☐ Ef það erfist.
 - b) ☐ Ef það er veðsett.
 - c) ☐ Ef það er afhent lögmanni til innheimtu.
 - d) ☐ Ekkert af ofangreindu er rétt.

C. Ritgerðarspurningar (18%).

1. Fjallið um skilríkisregluna.
2. Fjallið um fjögur skilyrði mótbárutaps og réttindamissis.

D. Raunhæf verkefni (18%)

Stefán Rögnvaldsson stofnaði nýlega fyrirtækið Ævintýraferðir ehf. sem mun bjóða upp á fjórhjóraferðir um óbyggðir landsins. Til að fjármagna fyrirtækið leitaði hann eftir aðilum sem væru reiðubúnir að veita fyrirtækinu lán. Hann hafði samband við kunningja sinn, Anton Starkarð, sem hann vissi að væri vel efnaður og væri sífellt að leita eftir viðskiptatækifærum. Anton féllst á að veita Ævintýraferðum ehf. lán að fjárhæð 12.000.000 krónur gegn því að félagið gæfi út handhafaskuldabréf fyrir fjárhæðinni. Samkvæmt efni skuldabréfsins skyldi það vera óverðtryggt og bera 12% fasta ársvexti. Skuldabréfið var gefið út þann 1. apríl 2016 og skyldi endurgreiða með þremur 4.000.000 króna afborgunum 1. júní 2016, 1. september 2016 og 1. nóvember 2016 auk þess sem áfallnir vextir skyldu greiðast með lokagreiðslunni 1. nóvember 2016.

Rekstur félagsins gekk afar vel í sumar og greiddu Ævintýraferðir ehf. afborganirnar 1. júní 2016 og 1. september 2016 á gjalddaga auk þess sem Stefán samdi við Anton um að greiða 2.000.000 krónur til viðbótar sem fyrirframgreiðslu inn á skuldabréfið samhliða greiðslunni 1. september. Stefán, sem hafði nýlokið prófi í verðbréfaviðskiptum, fór fram á að Anton ritaði kvittanir inn á skuldabréfið fyrir öllum greiddum afborgunum og fyrirframgreiðslunni og gerði Anton það. Í október 2016 braust þjófurinn Hrappur inn til inn til Antons og stal skuldabréfinu. Hrappur hafði heyrt frá vini sínum sem var laganemi að svona pappírar væru mikils virði og auðvelt væri að selja þá. Hrappur sá að búið var að árita skuldabréfið um innborganir en honum tókst að afmá þessar áritanir af bréfinu þannig að það bar ekki með sér að neitt hefði verið greitt af því. Hann fór síðan með bréfið til fjárfestisins, Hallgerðar, og bauð henni að kaupa bréfið. Hallgerður hafði heyrt af velgengni Ævintýraferða ehf. og taldi því að bréfið kynni að vera álitlegur fjárfestingakostur. Hún keypti því skuldabréfið af Hrappi fyrir 10.000.000 krónur.

Hallgerður hefur nú kafið Ævintýraferðir ehf. um 12.000.000 krónur auk vaxta. Þá hefur Anton haft sambandi við Hallgerði og krafist þess að fá bréfið afhent.

1. Fjallið um skyldu Ævintýraferða ehf. til að greiða Hallgerði með hliðsjón af viðskiptabréfareglum sem koma til skoðunar.
2. Fjallið um möguleika Antons til að brigða bréfinu frá Hallgerði með hliðsjón af viðskiptabréfareglum sem koma til skoðunar.

Svar skal vera ítarlega og vel rökstutt. Útskýra skal þær reglur um viðskiptabréf sem til álita koma og hvernig þeim skuli beitt í hverju einstöku tilfelli.